



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (heimild til upptöku ólögsmæts ávinnings), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 937 – 547. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, um heimild til upptöku ólögsmæts ávinnings. Í breytingunum felst að við 69. gr. f laganna bætist ný málsgrein sem hefur þann tilgang að „auka líkur á því að raunverulega takist að endurheimta verðmæti úr hendi þeirra sem í aðdraganda og kjölfar íslenska fjármálahrunsins hafa auðgast með óréttmætum hætti ásamt því að draga úr hvata til brotastarfsemi sem haft getur verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér“, líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Lagt er til að heimilt verði að gera upptæk verðmæti án þess að höfða refsímál með útgáfu ákæru ef sýnt þykir að verðmætin séu afrakstur ólögsmætra athafna. Í slíkum málum á hefðbundið sönnunarmat dómara í einkamálum að duga og því þarf ákærvaldið ekki að sýna fram á að refsiverð háttsemi sé hafin yfir allan vafa. Þar af leiðandi er slakað á þeim sönnunarkröfum sem gerðar eru í sakamálum.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp. Hún vill engu að síður koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er eignarrétturinn friðhelgur. Í 1. mgr. segir að engan megi skylda „til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“ Þrátt fyrir að eignarrétturinn sé friðhelgur er ljóst af orðalagi ákvæðisins að hann megi takmarka með lögum. Vanda verður sérstaklega til slíkrar lagasetningar og verða slík ákvæði að vera alveg skýr og greinileg til að heimilt sé að víkja frá eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Enn fremur er mikilvægt að við slíka lagasetningu sé meðalhófs gætt, þ.e. að aldrei sé gengið lengra en þörf er á til að ná tilætluðu markmiði. Í ljósi þessa, einkum þar sem ekki þarf að sýna fram á að refsiverð háttsemi sé hafin yfir allan vafa, hvetur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að við alla upptöku ólögsmæts ávinnings verði þess gætt að forsendur fyrir upptökunni séu fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur